

Nd.

54. Frumvarp til laga

[52. mál]

um fjáröflun til lækkunar á byggingarkostnaði.

Flm.: Einar Ágústsson, Jón Skaftason.

1. gr.

Ríkissjóður skal árlega greiða til byggingarefnarannsóknna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans fjárhæð, er jafngildi 1% af þeim fjárhæðum, sem byggingarsjóður lánar til íbúðabygginga á vegum Húsnæðismálastofnunar ríkisins eða á annan hátt.

Fé þetta skal notað í því skyni að leitast við að finna leiðir til lækkunar á byggingarkostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á vegum byggingarefnarannsóknna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans hefur nýlega verið gefið út afar fróðlegt rit, sem nefnist „Lækkun húsnæðiskostnaðar“. Þetta rit lýsir niðurstöðum af athugun erlends sérfræðings, sem starfað hefur hjá stofnuninni undanfarna mánuði í þeim tilgangi að leggja grundvöll að rannsóknum til lækkunar á byggingarkostnaði. Með honum hafa starfað, auk starfsmanna stofnunarinnar og rannsóknaráðs ríkisins, ýmsir innlendir sérfræðingar. Þetta rit sýnir ýmsar alvarlegar staðreyndir. T. d. verjum við Íslendingar um það bil 12% af þjóðarframleiðslu okkar til íbúðabygginga, og er það meira en helmingi meira en flestar aðrar þjóðir gera. Þrátt fyrir það fáum við færri íbúðir fyrir hverja þúsund íbúa en t. d. Vestur-Þjóðverjar, sem verja þó aðeins rúmlega 6% af þjóðarframleiðslu sinni í þessu skyni. Annað línurit sýnir, að hér á landi kostar það 5 meðalárslaun að eignast meðalíbúð, en á hinum Norðurlöndunum kostar meðalíbúð aðeins rúmlega þreföld meðalárslaun. Einnig má nefna, að í Svíþjóð hefur mánaðarlegur húsnæðiskostnaður lækkað frá því að samsvara 12 vinnudögum meðalmanns árið 1931 í 5 vinnudaga 1955. Hér á landi aftur á móti hefur þetta staðið nokkurn veginn í stað eða farið jafnvel heldur hækkandi og er um 14 vinnudagar meðalmanns.

Um ofangreindar staðreyndir segir framkvæmdastjóri rannsóknaráðs ríkisins svo m. a. í inngangsorðum að umræddu riti: „Þær staðreyndir, sem sýndar eru á meðfylgjandi línuritum, hljóta að vekja hvern Íslending til umhugsunar um endurbætur á sviði íbúðabygginga. Því ber að fagna, að hér eru íbúðir yfirleitt vandaðar og lítið um léleg íbúðahverfi. En hvernig höfum við efni á að verja næstum helmingi meira af þjóðarframleiðslu okkar til íbúðabygginga en aðrar þjóðir gera, en fá þó fyrir þessa peninga litlu eða ekkert fleiri íbúðir en þær? Hefur einstaklingurinn efni á því að verja 5 meðalárslaunum til kaupa á meðalíbúð? Það er helmingi meira en tíðkast hjá ýmsum öðrum þjóðum. Eða er það eðlilegt, að við nýtum okkar íbúðir miklu verr en aðrar þjóðir? Þessar og margar fleiri spurningar hljóta að vakna, en svör við þeim hljóta að leiða til þeirrar ákveðnu niðurstöðu, að við Íslendingar verðum að skipuleggja víðtæka starfsemi til lækkunar á byggingarkostnaði.“

Í umræddu riti fullyrðir hinn erlendi sérfræðingur, að væri fimm af hundraði af því fjármagni, sem íslensk stjórnarvöld lána nú til íbúðabygginga, varið til byggingarrannsókna og tilrauna og til kynningar á niðurstöðum þeirra og til almennrar upplýsingaþjónustu, mætti lækka byggingarkostnaðinn í náinni framtíð um margfalda þessa upphæð.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja nauðsynlegt, að þegar séu gerðar ákveðnar ráðstafanir til lækkunar á húsnæðiskostnaði. Í umræddu riti er bent á ýmsar ástæður fyrir hærri húsnæðiskostnaði á Íslandi en í nágrannalöndunum. Þó að það sé viðurkennt, að verulegur hluti af þessum háa húsnæðiskostnaði stafi af háum vaxtakostnaði, skorti á fjármagni, háum opinberum gjöldum, óhagstæðum lánum o. s. frv., verður jafnframt að álykta, að bæta megi verulega ástand þessara mála með bættu skipulagi íbúða og bættum verkfræðilegum atriðum ásamt öflugri kynningarstarfsemi, því að það er staðreynd, að hér er nýting íbúða stórum lakari en erlendis og litill gaumur gefinn bættri tækni og verkfræðilegum undirbúningi. Því er nauðsynlegt að afla rannsóknastarfseminni fjármagns til rannsókna til lækkunar á byggingarkostnaði.

Í lögum um húsnæðismálastofnun o. fl. frá 1957 er þeirri stofnun m. a. falið að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu á nýjungum í byggingariðnaði. Þó hefur ekki verið talið eðlilegt, að Húsnæðismálastofnun ríkisins komi upp rannsóknastofum, enda er kjarni að slíkri starfsemi fyrir í landinu, þar sem eru byggingarefna­rannsóknir iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans. Þetta hefur húsnæðismálastjórn viðurkennt og mun hafa ákveðið að veita 200 þús. kr. á ári til rannsókna hjá þessari stofnun. Þetta fjármagn hrekkur þó hvergi til, enda afar lítið í ljósi þeirra staðreynda, að hér á landi er árlega byggt fyrir meira en 1000 millj. ísl. króna. Til greina koma ýmsar leiðir til öflunar slíks fjármagns. Erlendis tíðkast það t. d., að lágt gjald sé lagt á byggingarvörur, sem renni til byggingar­rannsókna. Það telst ekki æskileg leið hér á landi, þar sem byggingarvörur eru þegar skattlagðar mjög hátt, og mundi þetta álag að öllu færast yfir á byggjand­ann. Því er sú leið valin af flutningsmönnum þessa frumvarps að leggja þessa greiðsluskyldu á ríkissjóð, enda er augljós þjóðarnauðsyn að lækka byggingar­kostnaðinn í landinu og lækka á þann hátt þann hluta þjóðarteknanna, sem að undanfögnu hefur þurft til byggingar íbúðarhúsa.